

9. SÝKLAR

Þessi kafli fjallar um leiðbeiningar til skóla þegar gefin hefur verið út almannavarnarviðvörðun um sýklasmít (veirur og sýkingar), flokkað á óvissustig, hættustig eða neyðarstig. Sjá landsáætlun vegna heimsfaraldurs og frekari leiðbeiningar á vef embættis landlæknis www.landlaeknir.is

Skólameistari er ábyrgur fyrir því að viðbragðsleiðbeiningum sé fylgt.

Fylgjast skal með tilkynningum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti landlæknis frá því að atburðarás hefst. Upplýsingar um viðbúnaðarstig er að finna á heimasíðum beggja embættanna. Nauðsynlegt er að fylgjast með fyrirmælum frá aðilum og ganga þau fyrirmæli fyrir þessum leiðbeiningum ef þær skarast.

Viðbragðsleiðbeiningar skóla tengjast viðbragðsáætlun skóla og fara þessi tvö skjöl saman.

9.1 Almennar leiðbeiningar

Í þessum kafla eru leiðbeiningar fyrir hvernig bregðast skal við almannavarnarstigi sem flokkast í óvissustigi, hættustigi og neyðarstigi sem lýst er yfir af landlæknisembættinu.

Óvissustig

- Viðbragðsáætlun og viðbragðsleiðbeiningar skólans yfirlesnar og uppfærðar á heimasíðu skólans. Dagsetning uppfærslu skráð.
- Skólinn er í samstarfi við heilbrigðismenntaðan starfsmann við undirbúning.
- Allir starfsmenn, nemendur og aðstandendur nemenda undir lögaldri upplýstir um uppfærðar viðbragðsleiðbeiningar og hvar þær er að finna.
- Skólameistari vaktar upplýsingagjöf um stöðu mála hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og hjá landlæknisembættinu.
- Hættustig undirbúið.

Hættustig

- Skólinn uppfærir upplýsingar um stöðu mála að höfðu samráði við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti landlæknis og birtir á heimasíðu sinni.
- Upplýsingum komið á framfæri innan skólans til starfsmanna, nemenda og forráðamanna nemenda undir lögaldri um hvernig verjast megi smiti.
- Mikilvægt að skólanum séu tilkynnt öll veikindi nemenda og starfsmanna og þau skráð formlega.
- Viðbrögð skilgreind við því þegar nemendur og starfsfólk taka að veikjast.
- Neyðarstig undirbúið.

Neyðarstig

- Aðgerðum vegna sóttvarna hrint í framkvæmt samkvæmt kafla 9.4 og fylgt fast eftir.
- Skólinn mun halda úti starfsemi eins lengi og unnt er.
- Skólinn lokar komi ákvörðun um það frá yfirvöldum.
- Upplýsingar um stöðu mála stöðugt uppfærðar í samráði við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti landlæknis og birtar á heimasíðu skólans.
-